



Málsnúmer:1901481 /1807024

Tillaga að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, dags. 2. júlí 2021.

Minnisblað, dags. 2. júlí 2021. Helstu atriði í úrvinnslu með vísan til ábendinga.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð/umsögn skipulagsdeildar, dags. 2. júlí 2021 – forsendur, ferill máls - ábendingar, athugasemdir, umsagnir. Upplýsingar, yfirlit. Ábendingar og athugasemdir í fylgiskjali.
2. Yfirlit. Tillaga nýs Aðalskipulags Kópavogs 2019- 2040. Stutt um feril.
3. Yfirlit. Helstu atriði sem lagt er til að verði uppfærð í greinargerð. Tafla. Ekki tæmandi yfirlit.
4. Yfirlit. Þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdráttur. Helstu uppfærslur, úrvinnsla. Ekki tæmandi yfirlit.
5. Skýringarkort/-myndir.

1.

Sjá einnig: Greinargerð/umsögn skipulagsdeildar, dags. 2. júlí 2021 – forsendur, ferill máls - ábendingar, athugasemdir - umsagnir. Þar er fjallað um:

- Forsendur og feril máls.
- Yfirlit yfir athugasemdir.
- Ábendingar, athugasemdir.
- Umsagnir skipulagsdeildar.
- Fylgiskjal. Allar ábendingar og athugasemdir (40 erindi) ásamt fylgiskjöllum með þeim.

2. Yfirlit.

2a) Auglýst tillaga nýs Aðalskipulags Kópavogs 2019- 2040 - var auglýst 19., 20. og 23. mars 2021.

- Auglýst í Fréttablaðinu 20. mars 2021, í Lögbirtingablaðinu 23. mars 2021 og tillaga og gögn voru auglýst og sett á heimasíðu bæjarins 19. mars 2021.
- Frestur til að skila inn athugasemdum var framlengdur til fim. 27. maí (frá fim. 6. maí) 2021.
- Kynningarfundur var haldinn í beinu streymi fim. 15. apríl 2021 kl. 16:30 til rúmlega 17.30. Sökum Covid var fundurinn rafrænn, boðið var upp á fyrirspurnir á fundartíma, upptaka af kynningum var aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar eftir fundinn.
- Minnt var á kynningarfundinn í auglýsingu 14. apríl 2021 í Fréttablaðinu og á heimasíðu bæjarins.
- Tillagan var kynnt hagsmunaaðilum með erindi 19. mars 2021.

Tillaga að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, dags. 24. nóvember 2020, uppfærð í febrúar 2021

- Greinargerð, dags. 24. nóvember 2020, uppfærð í febrúar 2021
- Uppdráttur, dags. 24. nóvember 2020, uppfærður í febrúar 2021
- Vegaskrá, dags. nóvember 2020, uppfærð í febrúar 2021

2b) Ábendingar og athugasemdir

- Alls bárust 40 erindi (númeruð 1-40) með umsögnum, athugasemdum og ábendingum.
 - o Greinargerð/umsögn skipulagsdeildar, dags. 2. júlí 2021 – forsendur, ferill máls - ábendingar, athugasemdir - umsagnir

2c) Tillaga að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, dagsett 2. júlí 2021.

- Tillaga að **Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2019-2040.**
 - o Tillaga að uppfærðri greinargerð og umhverfisskýrslu og viðaukum, dagsett 2. júlí 2021. Einnig vegaskrá, sjá kafla 5.1.2.1 í greinargerð.
- Tillaga að **Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040, uppdrættir.**
 - o Tillaga að uppfærðum þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti.
- Vegaskrá dagsett í nóvember 2020, uppfærð febrúar 2021
- Umsögn/greinargerð skipulagsdeildar, dagsett 2. júlí 2021, um feril máls ábendingar og athugasemdir – umsagnir skipulagsdeildar.
- Ábendingar og athugasemdir við auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 (40 erindi) eru fylgiskjal í umsögn skipulagsdeildar.

2d) Fylgigögn vinnslutillögu, auglýstrar tillögu og tillögu dags. 2. júlí 2021

- Umferðarspá 2019-2031+ (2040)
- Fornleifaskrá Kópavogs, endurskoðuð 2020
- Fornleifaskráning í upplandi Kópavogs 2020



3

Yfirlit. Uppdrættir.

Eftirfarandi eru helstu atriði sem lagt er til að verði uppfærð í greinargerð m.a. með vísan til ábendinga. Yfirlitið er ekki tæmandi.

1.Kafla	Innangur	Dagsetningar verða uppfærðar o.fl. verður fært inn.
1.8.3	Þjóðlendur	„Bent er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.“....
1.8.8	Skipulagi frestað	Bréf, dags. 11. júní 2021, hefur borist frá ráðherra umhverfis- og auðlindamála - þar sem ráðherra samþykkir frestun Kópavogsbæjar á gerð aðalskipulagsáætlunar sunna Vatnsvíkur í landi Vatnsenda.
2.1.1.3 ÍB-6 Vatnsenda- hvarf	Áætlun um uppbyggingu	Vatnsendahvarf. Tímabili uppbyggingar, áætlað að um 300 íbúðir verði byggðar eða í undirbúningi fyrir/um árið 2030 (var 200).
3.2.2	Miðsvæði	Ekki er talin ástæða til að nefna að íbúðir eigi ekki að vera á umræddu miðsvæði. Texti verði uppfærður þar að lútandi í greinargerð
3.2.6	Efnislosunar- svæði	Umfjöllun uppfærð (nákvæmari) um óvirkan jarðveg. Vísad í ákvæði um Þjóðlendur í kafla 1.8.3 (sjá ofar). Áætlað er að byrjað verði að fylla innan lögsögu Kópavogs um 2021/2022 (ekki 2026). Stefnt er að því að móta svæðið í samræmi við fyrra útlit.
3.2.7	Afþreyingar og ferðamanna- svæði	Þríhnútagígur. Umfjöllun rýnd. Bætt er við texta sbr. eftirfarandi. Orðalag lagfært í markmiðum og leiðum, umfjöllun þar á eftir og í skilmálum sem Kópavogsbær setur (nýr texti er undirstrikaður): MARKMIÐ - - Þríhnútagígur verði <u>áfram</u> aðgengilegur almenningi og <u>að þar verði</u> byggð upp aðstaða til fræðslu og þjónustu ferðamanna í Bláfjallafólkvangi. LEIÐIR - - Þríhnútagígur <u>verði áfram opin</u> almenningi. Áform eru um aðkomuveg að gígnum, móttökuaðstöðu og jarðgöng í gígn. Fyrirhugaður aðkomuvegur að Þríhnútagíg yrði frá Bláfjallaleið og 2,7 km langur. Hann er sýndur á sveitarfélagsuppdrættinum. <u>Meta þarf öll áform um uppbyggingu með hliðsjón af umfjöllun í kafla þessum 3.2.7.</u> „Þríhnútagígur hefur verið aðgengilegur á sumrin á vegum þjónustuaðila. Aðgengi er takmarkað þar sem fyrirkomulag er þannig að þeir sem skoða gígn ganga frá Bláfjallavegi um stig að gígnum. Vakin er athygli á skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum, sjá kafla 6.2 Íþróttamál, íþróttasvæði, töflu 6-1 yfirlit yfir íþróttasvæði, íþ-10, Bláfjöll, skíðasvæði. Uppbygging á ferðamannasvæði við Þríhnúta er í samræmi við stefnumörkun um að byggja upp ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. <u>Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.</u> Áður en að frekari uppbyggingu kemur þarf að uppfylla ýmsa <u>skilmála sem Kópavogsbær setur</u> og byggja þeir á upplýsingum um möguleg umhverfisáhrif og leiðir til að draga úr eða koma í veg fyrir þau við framkvæmd aðalskipulagsins. Vísad er til markmiða í kafla 4.1.3 Öbyggt svæði en þar stendur m.a. „Öbyggt svæði verði metin með tilliti til aukinnar verndunar og metin með hliðsjón af greinum náttúruverndarlaga sem fjalla um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (61.gr.) og landslagsverndarsvæði (50.gr.).“ Sjá einnig kafla 4.1.1.2 Landslag. <u>Sjá einnig kafla 4.1.7 Önnur náttúruvernd en þar er m.a. fjallað um sérstaka vernd samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga.</u> Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda (s.s. umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs) áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér rask á landslagsgerðum. <u>Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar varðandi frummatsskýrslu framkvæmda við Þríhnútagíg dags. 4. september 2012. Í niðurstöðunum segir: „Að mati Umhverfisstofnunar koma ofangreindar framkvæmdir til með að hafa varanleg óafturkræf áhrif á Þríhnútagíg og umhverfi. Að mati Umhverfisstofnunar munu framkvæmdirnar hafa umtalsverð umhverfisáhrif á jarðmyndanir sem eru einstakar á heimsvísu.“</u>
4.1.2	Uppland Kópavogs	Bætt við málsgrein með tilvísun í kafla 1.8.3 um þjóðlendur. Samkvæmt ábendingu hefur verið skerpt á orðalagi um Waldorfskóla í upplandinu.
4.1.6	Fríðlýst svæði	Texti uppfærður. Í töflu 4-4. Yfirlit. Fríðlýst svæði. Bætt er við texta um reglur sem gilda um fríðlýstu svæðin (skv. auglýsingum um fríðlýsingar svæðanna í B-deild Stjórnartíðinda).
4.1.7	Önnur náttúruvernd	Texti uppfærður varðandi B- og C-hluta náttúruminjasráðs (bent á að um tillögur er að ræða sem Alþingi á eftir að fjalla um). Aftast í undirkafla UMSÖGN/STEFNA Kópavogs bætt við setningu; „Við gerð skógræktaráætlana er lögð er áhersla á að skógrækt rýri ekki vermdargildi fríðlýstra svæða/verndarsvæða, minja o.fl. Sjá einnig undirkafla „SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR“ í kafla 4.1.12 Skógrækt og uppgæðsla.“
4.1.8		Nýtt þemakort /mynd. Hverfisvernduð svæði.



4.1.11	Verndarsvæði vegna strandmengunar í ám og vötnum	Bætt verði í greinargerð umfjöllun um vatnshlot og tilvísun í reglugerð um hlutverk sveitarfélaga. Í reglugerðinni er m.a. fjallað um hlutverk sveitarfélaga sbr. eftirfarandi „5. gr. Hlutverk sveitarfélaga. Sveitarfélög og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laga um stjórn vatnamála og reglugerða á sviði vatnsverndar.“ Umhverfisstofnun hefur flokkað vatnshlot og eru fjögur sem falla innan marka Kópavogsbæjar. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir flokka vatnshlot, meta eiginleika þeirra og álagsgreina þau. Markmið með því er að tryggja verndun vatns, vatnavistkerfa og vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Ekki liggja fyrir upplýsingar um vatnshlotin í Kópavogi. Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að ítarlegri upplýsingar liggi fyrir um vatnshlotin og álag, og verður horft til þeirra m.a. við ákvarðanir um landnotkun og framkvæmdir.
4.1.12	Skógrækt	Undirkaflir/fyrirsögn, Skógrækt: Almennt um skilyrði og takmarkanir. Málgrein bætt við: Lögð er áhersla á að í skógræktaráætlunum verði, m.a. horft til landslagsgerða, náttúrulegra vistkerfa, friðlýstra svæða og verndarsvæða innan skógræktarsvæðanna. Lögð er áhersla á að skógrækt rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða og verndarsvæða. Sjá einnig 4.1.7 Önnur náttúruvernd, undirkafla „UMSÖGN KÓPAVOGS“. Í töflu 4-14 er bætt við tilvísun í undirkafla: „Sjá einnig SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan.“
5.1.2	Gatnakerfi og áætlun um þróun umferðar	Kafla uppfærður. Tengibraut í 2. flokki hefur verið felld niður, bæjargötur komið inn í staðinn. AÐRIR VEGIR Í UPPLANDI – grænu letri bætt við skv. ábendingu Vegagerðarinnar. Bláfjallavegi frá Bláfjöllum til vesturs í átt að Hafnarfirði hefur verið lokað vegna vatnsverndarsvæðisins samanber mynd 5-9: Afgreiðsla Kópavogs (ONE 1901656). Frá fundi skipulagsráðs 2. september 2019: „Skipulagsráð fellst á að syðri hluti Bláfjallavegar nr. 417-02 verði lokað fyrir umferð bíla frá stöð 11.600 í vestri (við hellinn Leiðarendi) að vegamótum við Bláfjallaleið. Lokunin er liður í aðgerðum og úrbótum á Bláfjallavegi (þjóðvegur) innan vatnsverndarsvæðisins sem taldar eru æskilegar til að lágmarka áhættu af umferð innan þess. Skipulagsráð tekur undir með bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði að þörf sé á frekara umhverfis- og áhættumati á umræddum vegkafla og að það liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2021. Að því loknu verði teknar ákvarðanir um framtíð vegarins. Vísad til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar 10. september 2019 er afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.“ Á skipulagsupphætti komi fram í skýringum að Bláfjallavegur, frá Bláfjöllum í átt að Hafnarfirði, sé lokaður vegna vatnsverndar og vísað í afgreiðslu bæjarstjórnar 10. september 2019. VEGAKERFI, STOFNBRAUTIR, ÁÆTLANIR, FRAMKVÆMDIR, BREYTINGAR - Gert er ráð fyrir að gatnamót Suðurlandsvegur og Bláfjallavegar verði mislæg. Aðrar áætlaðar breytingar/framkvæmdir á vegakerfi þar sem framkvæmdartími er óákveðinn: Tenging undir Hafnarfjarðarveg að Fífuhvamsvegi. Tenging, innan Kópavogs - á mörkum Kópavogs og Garðabæjar. Þetta er í samræmi við fyrra aðalskipulag (2012-2024). Varðandi útfærslu verði haft samráð við Vegagerðina og Garðabæ. Aðrar hugmyndir sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um: Vegagerðin hefur látið vinna, og kynnt fyrir fulltrúum sveitarfélagsins, hugmyndir að mögulegri breikku Reykjanesbrautar í gegnum Kópavog. Þær áætlanir miða við að mögulegt verði að koma fyrir þriðju akreini í hvora akstursstefnu á Reykjanesbraut fyrir almennan akstur ásamt sérreini í hvora átt fyrir almenningssamgöngur. Ljóst er að slíkar hugmyndir þarf að ræða og skoða nánar í samráði við Vegagerðina og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt myndi slíkt kalla á breytingar á aðalskipulagi Kópavogs og fleiri skipulagsáætlunum.
5.1.3	Göngu- hjóla og reiðstígar	Texti undir mynd 5-15 uppfærður samkvæmt ábendingum Vegagerðarinnar. Í kafla á eftir markmiðum og leiðum: Texta með grænu letri bætt við Á svæði hestamanna á Kjóavöllum verður áhersla lögð á reiðleiðatengingu við útivistarsvæðin við Elliðavatn, Vatnsendahlíð og reiðstígakerfi Reykjavíkur og Garðabæjar en eldri reiðleiðum um Linda- og Salahverfi verður breytt í göngu- og hjólræiðastíga. Reiðleiðir eru sýndar í heimalandi og upplandi. Upplýsingar um reiðleiðir má finna í kortasjá á vef Landssambands hestamannafélaga http://map.is/lh/. Þéttbýlis- sveitarfélagsupphættir - göng/brýr/leiðir(stígar). Á þéttbýlis- og sveitarfélagsupphætti má sjá leiðbeinandi legu helstu göngu- og hjólaleiða, reiðleiða og leiðbeinandi legu(r) brúa/undirganga fyrir gangandi, hjólandi og/eða ríðandi fólk eftir því sem við á. Varðandi útfærslu undirganga/brúa stíga o.fl. á mörkum sveitarfélaga verði haft samráð við Vegagerðina, Garðabæ og Reykjavík – Mosfellsbæ og Ölfus - eftir því sem við á. Skoða þarf staðsetningu undirganga/göngubríða sérstaklega m.t.t. fyrirhugaðra framkvæmda vegna Borgarlínu.
5.1.6	Flugvellir	Bætt er við tilvísunum og fyrirvörum tengdum flugi og vatnsvernd. Bent á að deiliskipulags svæðis skuli vinna í samvinnu rekstraraðila flugvallarins og Kópavogsbæjar. Lagt er til að ábendingar heilbrigðisnefndar verði færðar inn í töflu 5-1. Yfirlit yfir flugvelli. Texti í töflu verður: „Gert er ráð fyrir að Sandskeiðsflugvöllur verði áfram miðstöð æfinga-, svif- og vélflugs á



		höfuðborgarsvæðinu og skilgreina á hann sem flugvöll án eldsneytisafgreiðslu. Vinna þarf deiliskipulag af svæðinu. Bent er á að deiliskipulag svæðisins skal vinna í samvinnu <u>rekstraradila</u> flugvallarins og Kópavogsbæjar. Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar og leita skal umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. <u>Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.</u> <u>Bent er á að í umsögn heilbrigðisnefndar kemur m.a. fram að heilbrigðissamþykktin heimilar ekki byggingu aðstöðu s.s. flugskýla fyrir vélþrífur flugvélar. Flugvöllurinn er samkvæmt mengunarvarnarræglugerðum skilgreindur sem flugvöllur án eldsneytisadstöðu. Eldsneytissala til vélfluga ótengd rekstri svifflugvallar er óheimil. Aukin umsvif vélflugs, einnig í formi snertilendinga er áhætta fyrir öryggi vatnsverndar, er ekki á forsendum vatnsverndar og því ekki æskilegt að hvetja til aukinna umsvifa þar.</u> Stærð svæðis er um 56 ha.“
5.1.12	Hitaveita	Stofnlögn hitaveitu er bætt inn á þemakort/mynd 5-26 Stofnveitur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu.
5.1.14	Rafveita	Samráð við Veitur og Landsnet. Texti verður uppfærður á uppráttum og í greinargerð. Tekið er fram (í lið 6) að skoða þurfi nánar skilgreiningar viðmiða m.a. innan byggðar í Kópavogi - samráð Kópavogsbæjar, Landsnets og Veitna.
5.1.16	Sorp	Uppfært skv. ábendingum. Bætt við umfjöllum til að útskýra úrgangsflokkun – viðmið og samstarf Úrgangsflokkun – viðmið og samstarf Unnið er að því að samræma úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu og aðlaga hana að nýrri löggjöf um meðhöndlun úrgangs sem er til meðhöndlunar á Alþingi vorið 2021 þ.e. „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi)“. 151 löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1187-708 mál. Í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins fyrir tímabilið 2020 – 2024 er lögð fram sú megináhersla að „samhæfa og bæta meðferð úrgangs“ (bls. 10) er kveðið á um að sveitarfélagin á höfuðborgarsvæðinu vilji „skoða sameiginlega úrgangsflokkun“ (bls. 20) svo sú megináhersla nái fram að ganga. Jafnframt er kveðið á um að minnka urðun um 25% yfir tímabilið og að endurnýtingarhlutfall úrgangs frá heimilum verði 95% við lok árs 2024. Sóknaráætlun er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat höfuðborgarsvæðisins, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Heimild: https://ssh.is/soknaraaetlun https://ssh.is/images/stories/Soknaraaetlun/2020-2024/Soknaraaetlun_Hofudborgarsvaedisins_2020-2024.pdf
9.2	Tengsl við aðrar áætlanir	Uppfært. Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029. Áætlunin hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“. Leiðarljósið er að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið.

4.

Yfirlit.

Þéttbýlis- og sveitarfélagsuppráttur.

Helstu uppfærslur. Ekki tæmandi yfirlit.

Heimaland.

Kársnesbraut. Göng/brú færð austar þ.e. sunnan við Landsréttarreit.



Tengibraut í Glaðheimum, uppfærð til samræmis við deiliskipulagstillögu.

Nýjar reiðleiðir. Sjá myndir/kort hér á eftir.

Íbúðarsvæði ofan við Landsenda fært til fyrir tillögu. Sjá myndir/kort hér á eftir.

Uppland.

Reiðleið sýnd. Sjá skýringarkort /-kort. Liður 5 á næstu blaðsíðu.

Undirgögn undir Suðurlandsveg.

Mislæg gatnamót við Bláfjallaveg.

Heiti háspennulagna, uppfærð.

Skýringar.

Yfirfarnar.

Bergljót S. Einarsdóttir




5. Skýringarkort /- myndir

Úrvinnsla/breytingar varðandi Kjóavelli og nágrenni og reiðleiðir


Ábendingar og athugasemdir nr. 10 – Niðurstaða umsagnar við nr. 10.2

Með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar Reiðveganefndar um reiðleiðir á Vatnsendaheiði er hér lagt til að á þéttbýlisupprátt nýs aðalskipulags verði bætt við leiðum suðaustast í heimalandinu frá Stóra-Bás að Vatnsendabotnum og í átt að Arnarbæli. Þessar tengingar ná Hjallaleiðinni sem og leiðinni inn í Grunnuvötnum í Garðabæ.



Ábendingar og athugasemdir nr. 10 – Uppland – Niðurstaða umsagnar við 10.3.



Hér er því lagt til að umrædd reiðleið verði færð inn á sveitarfélagsupprátt Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.





Umsögn við athugasemd nr. 16. Niðurstaða umsagnar við 16.1.

Með tilvísan í framkomna athugasemd er hér lagt til að vesturmörk fyrirhugaðs íbúðarsvæðis ofan hesthúsabyggðarinnar við Landsenda verði sett fram á sama hátt og er í gildandi aðalskipulagi 2012-2024 og því óbreytt.



Úrvinnsla, tillaga að framsetningu



Umsögn um athugasemd nr. 17 og 18. Samhljóða erindi nr. 17 og 18. Pakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

Umsögn:

Þegar unnið var að skipulagi hestúshverfisins á Kjóavöllum var á sama tíma verið að vinna að skipulagi fyrirhugaðs íbúðarsvæðis í Vatnsendahlíð. Í því sambandi er vert að minna á að í þeirri vinnu voru gerðar róttækar breytingar á skipulagi byggðar austan Kjóavallasvæðisins við Stóra-Bás (sjá meðfylgjandi skýringarmynd). Fólust þær breytingar m.a. í því að hætt var við fyrirhugað atvinnusvæði við Traðaping sem átti samkvæmt skipulaginu að vera tæplega 20.000 m² að flatarmáli og þar austur af stóð til að byggja um 150 íbúðir í fjölbýli og sérþýli við Stapaping. Í samtalinu um framtíðarbyggð á svæðinu m.a. við hestamenn var fallið frá þessari byggð við Stóra-Bás fyrst og fremst til að tryggja öruggari og greiðari leiðir frá hestúshverfinu á Kjóavöllum til austurs og suðurs s.s. Vatnsendaheiði og Heiðmörk. Tekið er undir það sem fram kemur í ofangreindri ábendingu að tryggja þurfi hestúshverfi Sprettis rými og mikilægi þess að gott samspil ríki á milli hverfisins og aðliggjandi byggðar. Reynt hefur verið að sjá til þess í uppbyggingu lands í Vatnsenda að svo sé.

Sjá jafnframt **umsagnir** í liðum **10.5 og 16.1** (athugasemdir nr. 10 og nr.16).

